

155 ar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna
10. okt. ásamt áður nefndu brjefi yðar*.

156 **Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um alþingissamþykkt útaf at-**
10. okt. **hugasemdum endurskoðenda landsreikninganna.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu
21. desbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem
samþykkt hefir verið af báðum deildum alþingis 1895 útaf tillögum endurskoð-
enda landsreikningana, snertandi reikningana fyrir 1892 og 1893, og er þingsá-
lyktunin þannig:

»Alþingi ályktar að skora á stjórnina að hlutast til um:

1. Að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld
af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvornig þau eru greidd.

2. Að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan máls-
kostnað, greiddan úr landsjóði, og um endurgjald hans.

3. Að lán sje eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði, nema fyrir
liggi virðingargjörðir á fasteignum.

Þjer hafið nú látið í ljósi, að þjer að yðar leyti hafið ekkert á móti því
að 2. og 3. liður þingsályktunarinnar sje tekinn til greina, en um 1. liðinn haf-
ið þjer með skírskotun til svara yðar upp á athugasemdir endurskoðenda lands-
reiknings fyrir 1892, 15. tölulið nr. 5, tekið það fram, að fylgiskjöl hins um-

*) Brjef landshöfðingja:

Alþingi það, er kom saman á þessu ári, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt
frumvarp eitt um nýja frímerkjagjörð, er borið hefur verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi
jeg mjer að senda frumvarp þetta ásamt danskri þýðing.

Umgetið lagafrumvarp miðar til þess, að leiða í gildi íslenzk frímerki með nýrri
gjörð, og falli hin eldri frímerki úr gildi í árslok 1896, í minning þess að 1897 eru liðin 25
ár síðan hin íslenzku póstmál fengu hina núgildandi skipun með tilskipuninni frá 26. febrú-
ar 1872. Hin nýju frímerki skulu samt að eins vera í gildi árið 1897; skulu þá aptur gjörð
ný frímerki, er eiga að vera frábreytt bæði þeim frímerkjum, sem nú eru í gildi, og hinum,
sem yrðu í gildi 1897. Það á þannig á tveggja ára tímabili að breyta tvisvar um frímerki,
en verðgildum skal haldið hinum sömu sem áður, að viðbættum tveim verðgildum almennra
frímerkja, nefnilega 1 eyris og 25 aura, og tilgangurinn er auðvitað sá að græða fje á auk-
inni sölu hinna nýju frímerkja og á því að selja frímerkjakaupmönnum og frímerkjasafnend-
um það, sem eptir yrði af ógildum frímerkjum; en alþingi hefir látið í vèðri vaka, að ágóð-
ann eigi að nota til sjerstaks fyrirtækis, t. a. m. til að koma upp pósthúsi í Reykjavík, er
svaraði til krafna nútímans, þar er geyma mætti, ef til kæmi, eitt eða fleiri af vísindalegum
söfnum landsins.

Þótt jeg sje eigi alveg sömu skoðunar sem alþingi um það, að hin umgetna ráðstöf-
un sje æskileg, finn jeg eigi ástæðu til að ráða frá því að henni sje komið í verk, og ef hið
háa ráðaneyti skyldi álíta að ný frímerkjagjörð sje eigi löggjafarmál, og því eigi sjá sjer fært
að leggja það til, að umrætt lagafrumvarp hljóti allrahesta staðfesting, leyfi jeg mjer virð-
ingarfullt að leggja það til, að óskir alþingis, sem koma fram í frumvarpinu, verði uppfyllt-
ar fyrir ráðstöfun umboðsvaldsins.

rædda reiknings, eins og fylgiskjöl undangenginna reikninga, gjöri fyllilega grein fyrir öllum lögboðnum árgjöldum frá prestaköllum og tillögum til þeirra, með því að á 30. fylgiskjalinu (13. gr. A. í fjárlögunum) undir stafflið b. 1 sjeu tilfærð öll lög og ráðgjafabrjef um þetta efni, svo að endurskoðendur landsreikninganna hafa með því að bera lög þessi og ráðgjafabrjef saman við 18. og 30. fylgiskjal landsreikningsins getað gengið úr skugga um, hvort árgjöld frá brauðum og tillög til þeirra eru rjett tilfærð á nýnefndum fylgiskjöllum eða eigi. Með því ennfremur að tekin er upp í áðurnefnd svör fullkomin skrá um öll þau prestaköll, er árgjöld skal greiða frá þeim, eða til þeirra skal leggja tillag eptir lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla og yngri lögum, ásamt skýringum um það, hvernig þessi árgjöld og tillög sjeu greidd, þá hlýtur það eptir skoðun yðar að teljast nægilegt að skírskota í landsreikningunum hjer eptir til hinna nefndu skráa, að viðbættri skýrslu um, hverjar breytingar hafi síðan á orðið.

Útaf þessu er yður, herra landshöfðingi, þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar,* að ráðaneytið verður eptir því, sem fram er komið, að vera yður samdóma um það, að það beri enga nauðsyn til þess að láta fylgja landsreikningunum hjer eptir sjerstaka skrá um hin umræddu árgjöld til prestakalla og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau sjeu greidd, en aptur á móti hefir það ekkert á móti því að 2. og 3. liður þingsályktunarinnar sjeu samkvæmt tillögum yðar teknir til greina.

*) Brjef landshöfðingja.

Útaf athugasemdum endurskoðenda landsreikningsins fyrir 1892 og 1893 hafa báðar deildir síðasta alþingis eptir löglegan undirbúning samþykkt þingsályktun, þar er skorað er á stjórnina að hlutast til um:

1. Að landsreikningnum fylgi framvegis yfirlit yfir öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, ásamt skýrslu um, hvernig þau eru greidd.
2. Að hverjum landsreikningi fylgi sundurliðuð skýrsla um allan málskostnað, greiddan úr landssjóði, og um endurgjald hans.
3. Að lán sje eigi veitt úr viðlagasjóði gegn fasteignarveði, nema fyrir liggi virðingargjörðir á fasteignum.

Um leið og jeg sendi hjermeð umrædda þingsályktun bæði eins og hún kom frá alþingi og í danskri þýðing, skal jeg leyfa mjer að taka fram það, sem hjer segir:

Um 1. Svo sem tekið er fram í svörum mínum upp á athugasemdir endurskoðenda við landsreikninginn fyrir 1892, 15. gr. nr. 5. (118.—120. bls. í hinum prentaða landsreikningi), gjöra fylgiskjölin með hinum umgetna reikningi fullkomna grein um öll lögboðin árgjöld af prestaköllum og tillög til þeirra, með því að á 30. fylgiskjalinu (13. gr. A. í fjárlögunum) undir stafflið b 1 eru tilfærð öll lög og ráðgjafabrjef um þetta efni, svo að endurskoðendur landsreikninganna gætu með því að bera þessi lög og ráðgjafabrjef saman við 18. og 30. fylgiskjal landsreikningsins gengið úr skugga um, hvort árgjöld frá prestaköllum og tillög til þeirra eru rjett tilfærð á nýnefndum fylgiskjöllum, eða eigi. Með því að ennfremur er tilfærð í áðurnefndum svörum mínum fullkomin skrá um öll þau prestaköll, sem árgjöld skal greiða frá eða tillag leggjast til samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla og yngri lögum, með skýringum um, hvernig þessi árgjöld og tillög greiðist, virðist það

157 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð handa ekkj-
17. okt. um sjódrukknaðra manna í Grýtubakkahreppi, útgefin á venjulegan hátt að
mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum sjódrukknaðra manna í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur eptir menn, er í sjó hafa drukkn-
að, til að hafa ofan af fyrir sjer og börnum sínum, svo að þær ekki þarfnist
styrks af sveitarsjóði. Aðrar ekkjur en þær, sem komast hjá að þiggja af sveit,
má eigi styrkja af sjóði þessum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru: 1. Gjafir einstakra manna, er vilja rjetta sjóðnum
hjálparrhönd. 2. Ágóði af talnaveltum og þesskonar fyrirtækjum, er stofnuð
kynnu að verða sjóðnum í hag.

3. gr.

Öllu fje sjóðsins skal svo fljótt, sem verða má, komið á vöxtu í
Söfnunarsjóði Íslands og skal standa þar á vöxtum um aldur og æfi, sem föst
innstæða, er aldrei má skerða. Vextina skal alla leggja við innstæðuna, með-
an þeir ekki nema meiru en 10 kr. á ári; en eptir að þeir eru orðnir meiri,
skal leggja 10 kr. af ársvöxtunum við innstæðuna, en afganginum og eins öðr-
um árstekjum ráðstafar stjórn sjóðsins eptir því, sem henni þykir rjettast og
hyggilegast samkvæmt (lögum) skipulagsskrá sjóðsins.

4. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þriggja manna nefnd, sem kosin skal ár
hvert þannig, að kosning nefndarmanna gildir frá 1. degi júlímánaðar til 30.
dags júnímánaðar árið eptir. Sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu kýs einn nefnd-

vera nægilegt að vísa í landsreikningunum hjer eptir til hinna umræddu skráa, og skýra um
leið frá breytingum þeim, sem kynnu að hafa orðið síðan.

Um 2. Í áðurnefndum svörum upp á 16. liðinn er það einnig tekið fram, að allar
þær skýringar, er heimtaðar eru í hinum umrædda lið þingsályktunarinnar, sjeu að finna í
fylgiskjali einu með jarðabókarsjóðsreikningnum, er hvorttveggja er afhent endurskoðendum
landsreikningsins jafnsnemma og landsreikningurinn; en annars hefi jeg ekkert á móti því, að
hin umrædda skýrsla verði tekin upp á viðeigandi fylgiskjal landsreikningsins.

Um 3. Þótt sjálfir endurskoðunarmenn landsreikninganna viðurkenni að hinar um-
ræddu virðingargjörðir sjeu síður en eigi áreiðanlegar, sbr. 16. lið h. í athugasemdunum við
landsreikninginn fyrir 1893, þá hefi jeg ekkert á móti því að þessi liður þingsályktunarinnar
verði tekinn til greina, því síður sem þær ráðstafanir eru gjörðar í fjárlögum fyrir 1896 og
1897, að varla verður fyrst um sinn að ræða um lán af viðlagasjóðnum gegn veði í fasteign.